

30
5. apríl

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ hafnarbryggjunnar á Húsavík.

I. KAFLI

Um vörugjald.

1. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum sem um getur í næstu greinum.

2. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þær ákveðnar það samkvæmt farmskrá, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

4. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá skal skipstjóri og formaður skips gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún — hvenær sem er — látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í einni sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst er gjald af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vöruskrá til tekur og gjald greiðist eins og þar segir. Ef vafi leikur á því, í hverjum flokk skuli telja einhverja vöru úrskurðar innheimtumaður hafnargjaldanna það atriði, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

II. KAFLI

Vörugjaldskrá.

30
5. apríl

5. gr.

a. Aðfluttar vörur:

1. fl. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kgr. Kol, salt og sement.
2. fl. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kgr. Allskonar vefnaðarvörur, skófatnaður, leirvörur, glysvarningur, tóbak, eldspýtur og þess konar léttar vörur. Alskonar ávextir, vinföng, lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd (ekki sykur).
3. fl. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kgr. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. fl. Gjald 20 aurar fyrir hver 150 kgr. nettó. Steinolía og aðrar olíutegundir.
5. fl. Gjald 5 aurar fyrir hverja tunnu. Tómar, uppsettar eða óuppsettar.
6. fl. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet. Trjáviður.
7. fl. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet. Allar aðrar vörur sem reiknast eftir rúmmáli.

b. Brotfluttar vörur:

1. fl. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kgr. Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.
2. fl. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kgr. Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. fl. Gjald 20 aurar fyrir hverja kjöttunnu.
4. fl. Gjald 10 aurar fyrir hverja síldartunnu.
5. fl. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet. Rjúpur og aðrar vörur sem reiknast eftir rúmmáli.
6. fl. Gjald 1 króna fyrir hvern hest og hvern nautgrip.
7. fl. Gjald 20 aurar fyrir hverja kind.
8. fl. Gjald 3 aurar fyrir hvern kindarskrokk.

Þó skal lægsta gjald í öllum flokkum af að- og brottfluttum vörum aldrei vera minna en 10 aurar, en aldrei skal taka tvisvar gjald af sömu vöru.

Hafnarnefndinni heimilast að undanþiggja vörugjald innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

III. KAFLI

Bryggjugjald.

6. gr.

Hvort skip 12 smálesta brúttó eða stærri sem legst að bryggju hafnarsjóðs, eða við skip, sem liggja við bryggjuna, skal greiða bryggjugjald af nettó stærð skipsins talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa.

30 Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring, 5 aura af hverri smálest — nettó — þó aldrei minna en 5 krónur í hvert sinn eða 1 krónu af brúttó-smálest í eitt skipti fyrir öll á ári.

Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

IV. KAFLI

Ýms ákvæði.

7. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerða, skal greiða 5 aura af hverri smálest af nettó stærð skipsins, fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur. Undanþegin þessu eru skip sem eiga heima á staðnum.

8. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 aura fyrir hvern hlut sem ekki er fluttur burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir stóra muni fer eftir samkomulagi.

9. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

10. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

11. gr.

Vélbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiði í hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald, 5 krónur í hvert sinn, sem þeir koma til hafnar eða 10 krónur í eitt skipti fyrir öll.

Dilfarsvélbátar, sem eiga heima á staðnum, greiði 35 krónur árlegt gjald. Opnir vélbátar kr. 20.00. Róðrabátar kr. 5.00.

Undanþegnir þessu gjaldi eru þeir bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisparfa.

12. gr.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni, nema öðruvísi sé um samið.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

13. gr.

Öll gjöld til bryggjunnar, sem hér að framan getur, má taka lögtaki.

30

5. apríl

14. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á hafnarbryggjunni fer eftir almennum lagareglum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 38, 19. júní 1933 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUR

um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva, lýsisverkunarstöðva o. fl.

31

6. apríl

1. gr.

Meðalalýsi má aðeins framleiða í stöðvum löggiltum af atvinnumálaráðuneytinu að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns.

2. gr.

Yfirlýsismatsmanni eða þeim, sem hann í hvert einstakt sinn gefur umboð til þess, skal heimill aðgangur að stöðvum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Er eigendum slíkra stöðva skylt að gefa yfirlýsismatsmanni eða þeim, sem vinnur í umboði hans, þær upplýsingar, sem óskað er eftir og ætla má að þýðingu kynnu að hafa fyrir lýsismatið.

3. gr.

Meðalalýsi má aðeins framleiða úr þorska-, ýsu- eða ufsalifur. Skal taka lifrina til bræðslu eins fljótt og unnt er og áður en hægt er að telja hana vera farna nokkuð að skemmast. Lifrin skal losuð við gallið áður en hún er brædd og skemmdar lifrar skulu teknar úr. Óhreinindi verður að skola af lifrinni með sjó eða vatni.

4. gr.

Við bræðslu lifrarinnar skal helzt nota hina venjulegu gufubræðsluaðferð (bein gufubræðsla) eða í hennar stað aðra aðferð, sem yfirlýsismatsmaður samþykkir. Gufa sú, sem notuð er til bræðslunnar, hafi ekki minni þrýsting en